

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi.

1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Skorradalshreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Skorradalshrepps eða rotþróareiganda og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd skal kynnt verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið lætur annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. febrúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Skorradalshrepps.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Skorradalshrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.